



Forsætisnefnd

Reykjavík, 10. september 2025

MSS25030107

Verkáætlun vegna samtals við verkalyðshreyfinguna

Í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalístaflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna um lífsgæði í Reykjavík kemur fram að reglulegt samtal við verkalyðshreyfinguna verði formgert á vettvangi borgarinnar. Á fundi borgarstjórnar þann 4. mars sl. var tillaga þess efnis samþykkt og forsætisnefnd falið að formgera reglulegt samtal við verkalyðshreyfinguna.

Verkáætlun um samtal við verkalyðshreyfinguna byggir á því að ákveðin þemu verði tekin fyrir á fundum forsætisnefndar. Þau verða um tíu talsins og má meðal annars nefna:

- húsnæðismál
- málefni barna og fjölskyldna
- Reykjavíkurborg sem vinnustaður
- atvinnu- og nýsköpun
- innkaupamál
- lýðræðismál
- staða íbúa af erlendum uppruna
- samgöngu- og loftslagsmál

Ráðgert er að fulltrúum verkalyðs- og stéttarfélaga verði boðið á fundi forsætisnefndar þar sem fjallað verður um þessi ólíku þemu út frá þeirra áherslum og sjónarmiðum. Formenn fagraða Reykjavíkurborgar fái sérstakt boð á þá fundi sem fjalla um þeirra málefnasvið. Borgarfulltrúum og fyrstu varaborgarfulltrúum verður boðið að hlusta á kynningarnar í gegnum fjarfundarbúnað.

Unnið verður úr þeim upplýsingum sem fram koma í samtalinu og stefnt er að því að ferlinu ljúki fyrir páska. Vinnan mun enda með uppskeruhátíð þar sem þátttakendum verður boðið, niðurstöður kynntar og gestum boðið upp á samverustund.

Vakin er athygli á því að áætlunin getur tekið breytingum þar sem eftir á að leggja hana í heild sinni fyrir verkalyðshreyfinguna. Samtalið byggir á umræðum sem skipulagðar eru í kringum þemu og á fundi forsætisnefndar þann 26. september mun fulltrúi ASÍ fjalla um atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar.

Sanna Magdalena Mörtudóttir
forseti borgarstjórnar



Reykjavík